# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 190, 17. mars 1997, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1997, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað 2. málsliðar 4. gr. komi tveir málsliðir er orðist svo: Við fyrstu löndun síldarafla eftir 31. maí 1997, falla úr gildi veiðileyfi þeirra síldarskipa, sem áður hafa landað síld úr norsk-íslenska síldarstofninum á vertíð þeirri, sem hófst 3. maí 1997. Leyfi annarra skipa til síldveiða falla úr gildi frá og með 1. júní 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. maí 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*